

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Upphaf og umhverfi

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ var stofnaður árið 1984. Þá höfðu verið framhaldsdeildir með fjölbrautasniði um árabíl við Garðaskóla. Sem eini framhaldsskólinn í Garðabæ er hann alhliða skóli sem leggur áherslu á vandað almennt bóknám en leitast jafnframt við að mæta þörfum íbúanna um starfsnám. Í sveitarfélögunum Garðabæ og Bessastaðahreppi, sem standa að Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, er um 10.000 manna byggð. Ætla má að meirihluti íbúa stundi verslun, smáíðnað og stjórnsýslu og hefur námsframboð skólans að ýmsu leyti mótast af því.

Þróun skólans

Viðskipta- og hagfræðinám. Strax í upphafi kom í ljós að áhugi margra nemenda beindist að verslun og viðskiptum og hefur viðskipta- og hagfræðisvið verið fjölmennasta námsleiðin í skólanum. Af um 940 stúdentum, sem brautskráðir hafa verið frá FG, hefur 261 nemandi verið brautskráður af hagfræðibrautum eða 28 %. Að auki hefur tveggja ára verslunarbraut verið eina tveggja ára námið sem fengið hefur hljómgrunn meðal nemenda skólans. Skólinn hefur átt því láni að fagna að hafa á að skipa í kennaraliði sínu viðskiptafræðingum með kennsluréttindi og því getað unnið af fagmennsku að uppbyggingu hagfræði- og viðskiptanáms.

Almennt bóknám. Í uppbyggingu skólans var lögð áhersla á að ráða til starfa mjög hæfa kennara á sviði almenns bóknáms þar sem það yrði undirstaða kennslunnar í skólanum, hvert sem sérhæfing hans beindist. Mjög góðir og vel menntaðir kennarar hafa valist til skólans á sviði tungumála, raungreina, stærðfræði, samfélagsgreina og íþróttar. Brautskráning nemenda úr almennu bóknámi, þ.e. stúdentspróf af tungumála-, náttúrufræði- og félagsfræðibrautum hefur verið jöfn og hægt vaxandi þau 14 ár sem skólinn hefur starfað. Auk almennra áfanga hafa lokaáfangar, t.d. í efnafræði og stærðfræði á raungreinabrautum og tungumálum á málabrautum, tekið mið af því að auðvelda nemendum að takast á við nám á fyrsta ári háskólastigs.

Listnám. Skólinn hefur frá upphafi boðið fram handiðir og listir sem valgreinar en síðar fór að koma í ljós þörf fyrir sérstakar lista- og handmenntabrautir auk tónlistarbrautar þar sem nemendur eru brautskráðir með stúdentsprófi í samvinnu við tónlistarskóla. Fyrsti nemandinn var brautskráður með stúdentsprófi í myndlist árið 1990 í samvinnu við Myndlista- og handiðaskóla Íslands þar sem nemandinn lauk myndlistarnáminu í fornámsdeild hans. Skömmu síðar tók skólinn á leigu húsnæði fyrir listasmiðju að Lyngási 1. Þá fór myndlistar- og fatahönnunarnámi að vaxa svo fiskur um hrygg að unnt reynist að bjóða upp á nám til stúdentsprófs á þeim brautum. Þegar hafa verið brautskráðir 4 nemendur af Myndlistar- og handiðabraut og mun þeim fjölga á næstu árum. Skólinn hefur á að skipa sérmenntuðum kennurum á þessum sviðum með full kennsluréttindi og hafa þeir sýnt mikinn áhuga og dug við að byggja upp kennsluna.

Íþróttabraut. Skólinn markaði sér snemma sérhæfingu á íþróttabraut. Hann hefur haft á að skipa þremur mjög dugmiklum kennurum sem starfa í góðri samvinnu við Íþróttakennaraháskólann. Hafa stúdentar verið brautskráðir af þessum brautum jafnt og þétt í áranna rás.

Breytt ytri skilyrði

Tíundi áratugurinn hefur haft í för með sér miklar breytingar. Samskipti við aðrar þjóðir hafa aukist og breyst, bæði vegna bættrar upplýsinga- og samskiptatækni

og vegna margvíslegrar fyrirgreiðslu fyrir menningar- og viðskiptasamböndum við lönd á evrópska efnahagssvæðinu. Skólinn hefur tekið þátt í þessari þróun. Hann hefur ætíð leitast við að hafa fullkominn tölvubúnað fyrir nemendur á hverjum tíma og mun gera mikið átak á því sviði þegar skólinn flytur í ný húsakynni.

Skólinn hefur einnig tekið virkan þátt í þróun Evrópusamskipta. Snemma á árinu 1996 hóf skólinn þátttöku í samstarfsverkefni skóla í fjórum löndum um hafið og afurðir þess. Löndin sem um er að ræða eru Grikklandi, Íslandi, Ítalíu og Spáni og fer starfið fram innan ramma samskiptaáætlunarinnar Comenius. Hafa bæði nemendur og kennarar tekið virkan þátt í þessu samstarfi. Samskiptin hafa opnað augu þeirra fyrir mikilvægi náms á markaðs- og upplýsingasviði en löndin, sem stofnað hefur verið til kynna við, eru meðal okkar helstu viðskiptalanda.

Framtíðarsýn

Skólinn hefur hug á að tengja saman langa reynslu sína af kennslu á sviði hagfræði og viðskipta við hina nýju alþjóðlegu strauða og efla markaðs- og upplýsinganám verulega ásamt listasmíðjunni þar sem aukin áhersla yrði lögð á hönnun.

Hönnun. Innan textílkennslunnar er þegar mikil áhersla á hönnun. Hana vill skólinn efla og víkka út í grafíska hönnun innan myndlistarinnar, þar sem tölvutækni yrði m.a. nýtt, og iðnhönnun þar sem nemendur geta reynt hugmyndir sínar á verkstæðum skólans og í samvinnu við vélsmiðjur í bænum. Námið yrði tengt markaðsfræði þannig að nemendur kynntust því að framleiðsla, kynning og markaðssetning þurfa að haldast í hendur.

Markaðsnám. Skólinn vill auka þátt mannlegra samskipta í kennslu sinni á sviði viðskipta- og hagfræði með því að efla kennslu á sviði markaðssetningar og sölufraeði og tengja hana við starf listasmíðjunnar. Í listasmíðjunni yrðu prófaðar hugmyndir um kynningu vöru og framsetningu upplýsinga með myndrænum hætti. Á þessum snertifleti markaðsfræði og hönnunar yrði tölvutæknin nýtt bæði við að hanna grafískar hugmyndir og afla upplýsinga. Hugmyndir um eflingu markaðs- og upplýsingafræða eru ekki nýjar af nálinni í skólanum. Vinnuhópar kennara skiluðu álit á vörfundum 1995 og 1996 þar sem bent var á nauðsyn þess að efla þetta nám. Álit þessi voru send menntamálaráðuneytinu. Sem fyrr greinir eru kennarar skólans í viðskipta- og hagfræðigreinum viðskiptafræðingar með menntun í uppeldis- og kennslufræðum. Þeir hafa um árabil kynnt sér ýmsa möguleika á þessu sviði og m.a. heimsótt skóla í Danmörku þar sem mikil áhersla er lögð á markaðs og upplýsinga- fræði. Nýleg könnun og álit frá Háskóla Íslands staðfestir hversu mikilvægt er að efla kennslu á þessu sviði í framhaldsskólunum. Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er reiðubúinn að taka frumkvæði í þessum málum enda hefur enginn annar framhaldsskóli sýnt því sérstakan áhuga til þessa. Mikilvægt er að menntamálaráðuneytið heimili skólanum að hefja undirbúningsvinnu hið fyrsta.

Framtíðarhlutverk

Meginhlutverk skólans er að þjóna þörfum íbúa Garðabæjar og Bessastaðahrepps fyrir menntun á framhaldsskólastigi. Skólinn mun því leggja áherslu á að slaka hvergi á kröfum um staðgóða undirstöðu í almennum bóklegum greinum, s.s. íslenskri þjóðmenningu, tungumálum og raungreinum. Jafnframt vill skólinn axla sinn skerf af verkaskiptingu framhaldsskólanna á höfuðborgarsvæðinu. Á þessum forsendum vill skólinn sérhæfa sig í menntun til stúdentsprófs á sviði:

- **markaðs- og upplýsingafræði**
- **sjónlista og hönnunar**

- ***íþrótt***

Þegar hefur fengist farsæl reynsla af starfi á öllum þessum sviðum. Skólinn er því vel í stakk búinn til að ganga til átaks í þá átt að þjóna öllu höfuðborgarsvæðinu á þessum námsviðum sem formlegur kjarnaskóli og gera þeim hin bestu skil.

Ný húsakynni

Hinn 1. ágúst nk. verður afhentur fyrsti áfangi nýbyggingar skólans við Skólabraut norðan Arnarneslækjar. Rættist þá langþráður draumur starfsmanna og nemenda skólans um betri umgjörð um skólastarfið en skólinn hefur búið við. Í fyrsta áfanga eru fullbúnar raungreinastofur ásamt kennslustofu tungumála. Í fyrstu mun fjöldi kennslustofa verða svipaður og skólinn hefur búið við hin síðustu ár en strax á næsta ári mun efsta hæð byggingarinnar komast að fullu í notkun og verður þá talsvert rýmra um skólastarfið. Síðar verður lokið við tvo sali í byggingunni, um 120 manna fyrirlestrasal og stóran samkomusal og umhverfi hans þar sem nemendur munu fá rúmgóða aðstöðu.

Í apríl 1997

Kristín Bjarnadóttir